



ERINDISBRÉF STARFSHÓPS UM BYGGINGU BÚSETUKJARNA FYRIR FATLAÐ FÓLK Á AKRANESI

Ábyrgðaraðili:

Bæjarráð.

Markmið og forsendur:

Markmið með stofnun starfshóps er að undirbúa byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Hlutverk og helstu verkefni:

Meginverkefni starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk verða eftirfarandi:

- Að meta þörf á byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.
- Að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna.
- Að vinna verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.
- Að gera rekstraráætlun fyrir búsetukjarna.
- Að leita samráðs og samstarfs við hagsmunaaðila.

Fulltrúar í starfshópi:

Tilgreind síðar.

Verklag

Starfshópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum starfshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar velferðar- og mannréttindaráði.

Starfstími og afurðir:

Starfshópurinn skal skila álitum um fjármögnun byggingar og rekstrarform fyrir 1. ágúst 2016. Starfshópurinn skal skila af sér greinargerð fyrir 1. desember 2016.

Starfsmaður:

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði starfa með hópnum. Sviðsstjóri annast fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála.






Akraneskaupstaður

Ráðgjöf:

Starfshópur getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á sérfræðiaðstoð skal kostnaðarmat lagt fyrir bærarstjóra til samþykktar.

Samþykkt í bærarráði Akraness þann 10. mars 2016.


Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri

